

1863.

8. desbrm.

arssyni, fyrrum presti til Desjarmýrar en nú til Hallormsstaðar, um að leyft verði að honum smátt og smátt verði borgaðir 600 rdl. af fè kirkjunnar á Desjarmýri til endurgjalds fyrir það, að hann lét byggja hana upp af nýju; er meðal annars með bænarskrá þessari meðmæling frá prestinum, sem nú er á Desjarmýri. Um leið og þér í bréfi yðar-getið þess, að varla verði fallið á, að kirkja þessi sé látin borga alla þá upphæð, sem Sigurður prestur Gunnarsson sækir um, vegna þess, hve litlar séu tekjur hennar, þá stingið þér uppá, að hún sé látin á 10 árum borga honum allt að 400 rdl., þó svo, að hlutaðeigandi prófastur gæti þess, að ávallt séu næg efni til árlegra gjalda kirkjunnar.

Útaf þessu kunngjörir kirkju- og kennslustjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, háæruverðugi herra, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk til að endurbæta hina íslenzku þýðing gamla testamentisins. 22. desbrm.

Með bréfi yðar, háæruverðugi herra, dags. 3. d. októbermán. þ. á., hafið þér sent hingað bænarskrá frá Pètri prófessor Péturssyni, forstöðumanni prestaskólans í Reykjavík, og Sigurði Melsted, fyrsta kennara við skóla þenna, um að þeim verði veittur fèstyrkur til að endurbæta hina íslenzku biblíuþýðing gamla-testamentisins, með því skilyrði, að þeir hafi lokið starfa þessum á næstu tveim árum, og hefir stjórnarráðið útaf bænarskrá þessari veitt beiðendunum 200 rd. í þessu skyni.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fèð úr jarðabókarsjóðnum.